

Mín myndlist er fyrir fólkíð

„Mér finnst þetta ekki mjög hættulegur heimur,“ segir myndlistarmaðurinn Yoshitomo Nara. Verk hans hafa vakið mikla athygli á undanförunum árum og verið sýnd víða um heim; stóreyg börn í illskiljanlegum heimi. Innsetning Nara var opnuð í Hafnarhúsinu í vikunni.

Eftir Einar Fal Ingólfsson
efi@mbl.is



Fjöldi trékassa í mismunandi stærðum situr á gólfi eins salarins í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Sums staðar er þeim staflað upp og á milli þeirra glittir á einum stað í skúlptúr sem sýnir stóreygt barn. Á kassa opnast dyr, hann er veggfóðraður að innan og þar er málverk í gylltum ramma af barni með lokuð augu; á öðrum kassa eru göt og ef gægst er inn má sjá hvítan hund. Ef kíkt er inn um gat aftan á sama kassa grillir í svartan hund í myrkri. Kassarnir líkjast þeim sem eru venjulega notaðir til að flytja listaverk milli landa en þessir eru hluti af viðamikilli innsetningu japanska myndlistarmannsins Yoshitomo Nara en sýningin var opnuð á fimmtudaginn var og kallast *Innpökkud herbergi*.

Á hliðar sumra kassanna hafa verið hengdar teikningar og málverk eftir Nara, sumar myndanna eru skissulegar og gerðar á bréfs-efni af hótélum og á umslög, aðrar myndir hafa verið hengdar á veggina umhverfis kassastæðuna. Í myndum Nara mætast á furðulegan hátt sakleysi æskunnar og áreiti, vanlíðan og jafnvel ofbeldi sem áhorfandinn tengir við heim hinna fullorönu. „Kill The Poor“ er skrifad á eina mynd af stóreygu barni, „Love Me Tender - Kill me Softly“ stendur á annarri og svipurinn ber merki um vonleysi.

„Finnst þér það,“ spyr Nara og glottir. Hann hefur gert hlé á óreglulegri upphengingu innrammaðra mynda á annan langvegg salarins og ég spyr hann um pennan áreikstur heima barna og fullorönnu.

„Mér finnst þetta ekki mjög hættulegur heimur,“ svarar hann svo. „Þetta er ekki þrívítt og raunveruleg veröld heldur eru hún tvívítt hugarfóstur mitt. Þetta er myndlist.“

Í anda barnabóka og teiknimynda

Verk Yoshitomo Nara hafa verið sett upp í söfnum og galleríum víða um heim á síðustu árum; talað hefur verið um sigurför listamannsins. Hann er fimmtugur, nam fyrst við listaskóla í heimalandinu en síðan við listakademíuna í Düsseldorf í Þýskalandi á árunum kringum 1990. Myndheimur Nara er íðulega tengdur við svokallaða japanska popplísta. Í afar lofsamlegum dómi í The Los Angeles Times fyrir nokkrum árum talar gagnrýnandinn um „varnarleysið og þögla þjáninguna“ sem birtist í verkunum. Gagnrýnendur tala einnig um mörg lög af merkingu, þar sem ekkert er sem sýnist.

Árið 2003 hóf Nara að vinna náðið með hópi hönnuða og listamanna í Osaka í Japan sem kalla sig Graf, en þeir hafa í sameiningu hannað litla kofa og ýmiss konar óvenjuleg rými, sem verða vettvangur myndheima Nara inni í sýningarsölum, þar á meðal hér í Hafnarhúsinu. Einn liðsmanna hópsins kom með Nara til landsins til að aðstoða hann við þann þátt sýningarinnar.

„Raunæislegar myndir sem hefðu þessar vísanir í ofbeldi eða heim fullorönnu væru undarlegri, hættulegri ef til vill, en mínar myndir eru meira í anda barnabóka og teiknimyndasagna,“ segir Nara og vill smeygja sér undan umræðum um hættulegan heim sem ég reyni að draga hann inn í. Hann bætir við að þótt teiknimyndasögur í manga-stíl hafi lengi verið afar vinsælar í Japan, og verði sífellt



Yoshitomo Nara „Þegar ég teikna og mála þá er það grafalvarleg vinna. En þegar ég sýni verkin þá þarf að vera ákveðið jafnvægi milli alvarleikans og leiksins.“

Morgunblaðið/Einar Falur

Kunnur galleristi í Japan

Mikill áhugi á samtímalist

Tomio Koyama er galleristi Yshitomo Nara í Japan og kom með honum hingað til lands. Hann er einn kunnasti gallerieigandinn þar í landi, er með um 50 listamenn á sínum snærum, álíka marga japanska og erlenda, en þeirra á meðal eru Richard Tuttle, Erwin Wurm, Laurie Simmons, Ernest Neto og Stephan Balkenhol. Koyama sýnir jöfnum höndum innsetningar, málverk, teikningar og ljósmyndir í galleríum í Tókjó og Kyoto, en einnig rekur hann verslanir með bókum, upplagsverkum og gjafavörum sem byggist á verkum listamanna gallerísins. Þá tekur hann reglulega þátt í mörgum helstu listkaupstefnum Evrópu.

„Síðasta áratuginn hafa viðskipti með samtímalist myndlist verið afar lifleg í Japan,“ segir Koyama þegar hann er spurður um stöðu myndlistarinnar þar í landi. „Auðvitað hefur komið bakslag í markaðinn síðasta ár, en á meðan samdrátturinn hjá evrópskum og bandarískum galleríum er 30% þá er hann ekki nema 8% hjá okkur.“

Koyama segir að áhugi á alþjóðlegri sam-



Tomio Koyama

tímalist hafi kviknað seint í Japan en á síðustu árum hefur markaðurinn orðið tilbúinn og nú hefur myndast nokkuð stór hópur ástríðufullra kaupenda, sem kaupa og safna myndlist inn á heimili sín og fyrirtæki.

Koyama setur að meðaltali upp sýningar með japönskum listamönnum sínum á tveggja ára fresti en með þeim erlendu á þriggja ára fresti. Flestir eru einnig á mála hjá öðrum galleríum, í Evrópu og Bandaríkjunum. „Ég er þannig bara einn af galleristum Nara, hann vinnur til dæmis með mjög góðu fólk í Þýskalandi, í New York og Los Angeles. Verk Nara njóta líka mikillar hylli á Vesturlöndum og hann sýnir víða; hann á sér marga aðdáendur. Það er líka áhugavert hvernig áhrif japanskrar og vestrænnar menningar mætast í verkum hans, sem eru þó afar persónuleg.“

þekktari á Vesturlöndum, þá sæki hann ekki í þann heim heldur miklu frekar í myndskreyttar barnabækur og barnamyndir.

„Manga er samþætting mynda og frásagnar en ég hef áhuga á stökum myndum sem segja alla söguna og vekja hughrif með áhorfandanum.“ Hann bætir glottandi við að fólk sem hafi mikinn áhuga á manga þyki ekki alltaf mikið til um sínar myndir.

Sýningar Nara tóku miklum breytingum þegar hann hóf að vinna með Graf-hópnum og skapa furðuveraldir innan sýningarsalanna. Hvers vegna fór hann þá leið?

„Þetta er allt einn leikur,“ segir hann og brosir. „Þegar ég teikna og mála þá er það grafalvarleg vinna sem ég einbeiti mér óskiptur að. En þegar ég sýni verkin þá þarf að vera ákveðið jafnvægi milli alvarleikans og leiksins.“

- Eins og í verkunum sjálfum?

Hann svarar með brosi. Segir síðan að hinn dæmigerði hvíti sýningarsalur sé of fullkominn fyrir sig, of hreinn og tær. „Ég er hinsvegar ekki fullkominn maður. Allir þekkja hina fullkomnu malargarða við búddamusterin í Japan. Þegar ég var strákur var mér treyst fyrir því að raka einn slíkan garð og láta hann vera óaðfínganlegan, formrænt séð. Mér fannst garðurinn hinsvegar of hreinn þannig. Þess vegna tók ég lauf og dreifði yfir hann, það fannst mér betra.

Fólk er ekki fullkomið og það vil ég að sjáist í myndunum.“

Upplifunin af verki Nara í Hafnarhúsinu er ekki í samræmi við hina formhreinu mynd búddahofanna. „Formrænn hreinleiki getur orðið leiðinlegur ... reyndar bý ég á hljóðlátum stað úti í sveit og þar er ekkert nema það nauðsynlegasta í kringum mig og eigin konuna. En þá gengur mér reyndar mjög vel að vinna.“

Pönk gott fyrir 17 ára unglinga

En hvað með áhrifavaldana? Eru þeir japönsk menning og vestræn í bland?

„Ég held að það sé allt mögulegt. Ég ólst upp í litlum bæ í Norður-Japan þar sem var ekki hægt að sjá neinar myndir. Þar var ekkert safn og engar „alvöru“ myndir að skoða, engar frummyndir. En foreldrar mínir fóru oft með mig á bókasafnið og þar naut ég þess að skoða myndir frá öllum heiminum í bókum, það hafði mikil áhrif á mig.“

Síðan var bandarískur herflugvöllur í nágrenni við bæinn minn og þar var útvarpsstöð þar sem var leikin bandarísk tónlist daginn út og inn. Þegar ég var smástrákur var ég dæmigert lyklabarn; þegar ég kom heim úr leikskólanum og svo grunnskólanum var ég einn heima og kveikti strax á útvarpinu. Ég skildi ekki fréttirnar á japönsku rásunum en

Banging the Drum



Banging the Drums, málverk eftir Nara frá 2007. Birt með leyfi Galerie Zink í München og Berlín.

Þetta er ekki þrívítt og raunveruleg veröld heldur eru hún tvívítt hugarfóstur mitt. Þetta er myndlist.

Þessa tónlist gat ég skilið og notið. Þegar ég var orðinn unglingur fór ég síðan að leita að þessari sömu tónlist á hljómplötum. Þetta hafði áhrif á mig, rokk-tónlistin, auk mynda-bóka.

Þegar ég var 17 ára kynntist ég pönktónlist og hún hafði gríðarleg áhrif á mig. Þá fann ég loksins eitthvað sem passaði fyrir mig. Pönk er gott fyrir 17 ára unglinga!“ segir Nara og brosir. Ég samsinni, enda er þarna snertiflötur á milli okkar.

Þegar ég spyr Nara út í hina fornu list Japana, grafíkuna, ukýo-e prentin af stríðsmönnum, listamönnum og erótískum ævintýrum, kinkar hann kalli.

„Já, stundum hef ég samsamað mig þörfinni að baki ukýo-e verkum, listafólkinu og þeirri sköpun. Ukýo-e var list fyrir alþýðuna, ekki fyrir keisarann og aðalinn. Mér finnst líka að mín myndlist sé fyrir fólkíð, fyrir alþýðuna.“

Í dag eru stór og áhrifamikil gallerí í Japan og áhugi á samtímalist hefur aukist verulega á nokkrum árum. „Nú er ungt fólk farið að kaupa myndlist, af einskærum og alvarlegum áhuga. Það er ekkert langt síðan söfn og peningamenn vildu kaupa verk frá þessum vestrænum listamanna, til að sýna hvað þeir gætu, en nú hefur raunverulegur áhugi tekið yfir og listalíf í Japan er enn fremur orðið miklu áhuga-verðara,“ segir Yoshitomo Nara.